

# Aðalfundur Hvetjanda 2014

## Fundargerð

Árið 2014, 12. Júní 2014 kl. 14.00 var haldinn aðalfundur Hvetjanda á skrifstofu félagsins.

Mætt var fyrir 89,29% hlutafjár sem hér segir.

Ísafjarðarbær	50.666.667	23,426%	Arna Lára Jónsdóttir
Byggðastofnun	88.769.000	41,042%	Pétur Grétarsson
Landbankinn	6.500.000	3,005%	Mætti ekki
Líf Vest	4.100.000	1,896%	Mætti ekki
Súðavík	1.500.000	0,694%	Mætti ekki
Sparisjóður Bolungarvíkur	14.500.000	6,704%	Mætti ekki
Fiskvinnslan Íslandssaga	625.000	0,289%	Mætti ekki
Klofningur	625.000	0,289%	Mætti ekki
Bolungarvíkurkaupstaður	2.000.000	0,925%	Elías Jónatansson
Vestinvest	40.000.000	18,494%	Shrian Pórísson
Verk Vest	5.000.000	2,312%	Finnbogi Sveinbjörnsson
Tálknafjörður	2.000.000	0,925%	Indriði Indriðason
	<b>216.285.667</b>	<b>100,000%</b>	

Daniel Jakobsson formaður Hvetjanda setti fundinn og stakk uppá Jóni Páli Hreinssyni sem fundarstjóra og Páli Ernissyni sem ritara.

Tók Jón Páll við stjórn fundarins.

Gengið var til dagskrá:



## 1. Skýrsla stjórnar.

Daniel Jakobsson formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar og starfsemi á síðastliðnu ári.

Umræðum var frestað þar til eftir framlagningu reikninga.

## 2. Efnahags- og rekstrareikningur fyrir liðið starfsár

Shiran Þórisson, Framkvæmdastjóri Hvetjanda, gerði grein fyrir árituðum reikningum félagsins fyrir 2013.

Hér gerði fundarstjóri tillögu um breytingu á dagskrá og lagði til að tillaga um meðferð á tapi yrði flutt strax á eftir reikningum og umræður um skýrslu, reikninga og þessa tillögu yrðu tekna saman. Var það samþykkt samhljóða.

## 3. Tillaga um meðferð á tapi af rekstri félagsins á reikningsárinu

Tillaga stjórnar er að færa tap til næsta árs

Umræður um skýrslu, reikninga og tillögu

Arna Lára var með fyrirspurn um Íslandsögu og Norðureyri, hvort hægt væri að tryggja að starfsemi þess félags sem Hvetjandi mundi fjárfesta í mundi einskorðast við Vestfirði. Tryggt væri að starfsemi þess flyttist ekki af svæðinu.

- Arna Lára lýsti yfir ánægju sinni með þá nýju breidd sem kominn er í Atvest.

Að loknum umræðum voru reikningar lagðir fram til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Tillaga stjórnar um yfirfærslu á tapi til næsta árs var borinn upp til atkvæða og hún samþykkt samhljóða.

## 4. Breytingar á samþykktum

- Framkvæmdarstjóri lagði fram til upplýsingar tillögu stjórnar um hlutafjáraukningu sem samþykkt var á hluthafafundi Hvetjanda þann 14.mars 2014.

Tillaga stjórnar var samþykkt á hluthafafundinum svohljóðandi:

Í gildandi samþykktum félagsins fyrir hluthafafundinn var 4 gr. svohljóðandi:

4. gr.

*Hlutafé félagsins er kr. 112.985.667.- krónur eitt hundrað og tólf milljónir niu hundruð áttatíu og fimm þúsund sex hundruð sextíu og sjö. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,0 –ein króna- að nafnverði. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í kr. 200.000.000.- krónur tvö hundruð milljónir.*

Á hluthafafundinum gerði stjórn tillögu um eftirfarandi breytingu á samþykktum:

*Hlutafé félagsins er kr. 112.985.667.- krónur eitt hundrað og tólf milljónir níu hundruð áttatíu og fimm þúsund sex hundruð sextiu og sjö. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,0 –ein króna- að nafnverði. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í kr. 300.000.000.- krónur þrjú hundruð milljónir.*

Stjórn gerði tillögu um að hlutafjáraukningin fari fram á genginu 1 og að núverandi hlutahafar falli frá forkaupsréttir sínum.

Þessi heimild til aukningar var staðfest af aðalfundarmönnum.

- b. Framkvæmdarstjóri lagði fram tillögu að tillögu að breytingum á 16 gr. samþykktu félagsins.

Fyrsta breyting: Stjórn félagsins skal skipuð **fimm** mönnum og **tveimur** mönnum til vara á aðalfundi til eins árs í senn. *Í nágildandi samþykktum er gert ráð fyrir 3 aðalmönnum og 3 varamönnum.*

Önnur breyting: Undirskriftir **meirihluta** stjórnarmanna skuldbinda félagið. *Í nágildandi samþykktum er gert ráð fyrir að tveir stjórnarmenn geti skuldbundið félagið.*

Priðja breyting: Stjórnarfundir eru lögmætir ef **þrír** stjórnarmenn sækja fund. *Í nágildandi samþykktum er gert ráð fyrir að stjórnarfundir séu lögmætir ef tveir mæta.*

Finnborgi Sveinbjörnsson lagði til að orðinu „þrír“ í síðustu breytingu yrði breytt í „meirihluti“.

16gr, með áorðnum breytingum var þannig lögð fram:

*„**Stjórn** félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur mönnum til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins á milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. **Undirskriftir** þriggja manna skuldbinda félagið. **Stjórnarfundir** eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækja fund. Afla atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.“*

Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 5. Kosning stjórnar og varastjórnar

Tillaga var gerð um eftirfarandi aðalmenn í stjórn:

Daníel Jakobsson

Jóna Benediktsdóttir

Björn Davíðsson

Pétur Grétarsson

Marji Coluryt

Engar aðrar tillögur komu fram og var aðalstjórn sjálfkjörin.

Tillaga um varastjón.

Tillaga var gerð um eftirfarandi varamenn í stjórn:

Indriði Indriðason  
Kristján Jóhannsson

Engar aðrar tillögur komu fram og var varastjórn sjálfkjörin.

**6. Kosning endurskoðenda/skoðunarmanna.**

Gerð var tillaga um að Endurskoðun Vestfjarða sem endurskoðendur.

Var það samþykkt samhljóða.

**7. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðenda**

Gerð var tillaga um að formaður stjórnar fá greitt kr. 28.000.- fyrir hvern setin fund og almennur stjórnarmaður fái kr. 14.000.- fyrir hvern setin fund.

Björn spurði um hvernig laun fyrir stjórnarsetu yrðu greitt. Shiran svaraði til um að útborgun væri jafnan ákveðin af stjórn og framkvæmdarstjóra.


Tillagan var borinn upp til atkvæða og hún samþykkt samhljóða.

Lagt var til að endurskoðendum yrði greitt samkvæmt reikning og var það samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og sleit Shiran fundi kl: 14.40

Fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð.

Fundargerð ritaði Páll Ernisson



Ísafjörður, 12.júní 2014